

Vinstrihreyfingin -grænt framboð

Efni: Spurningar til framboða stjórnmaflokka fyrir Alþingiskosningar 2021

1. Hversu mikla áherslu ætlið þið að leggja á réttindi barna og Barnasáttmálann, sem og Heimsmarkmið SP ef þið komist til áhrifa?

Málefni barna eru ávallt á dagskrá Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs. Börn eiga ávallt að vera í forgrunnig og mikilvægt er að standa vörð um Barnasáttmálann. Mikilvæg er að við öll mál sé hugað að áhrifunum sem þau koma til með að hafa á börn og umhverfi þeirra. Vinstri græn vilja vinna markvisst gegn fátækt barna og bættum hag tekjulægri fjölskyldna með því að halda áfram endurreisn barnabótakerfisins og láta það ná til fleiri barnafjölskyldna.

Fylgja þarf eftir breytingum á stuðningskerfi við börn sem hefur verið endurskoðað frá grunni með það að markmiði að tryggja farsæld barna. Tryggja þarf fjármagn til innleiðingar og framkvæmdar með það að leiðarljósi að bæta hag barna sem þurfa á sértækri þjónustu að halda.

2. Hvernig getur menntakerfið komið betur en nú, til móts við börn og mismunandi styrkleika og þarfir og stuðlað að fjölbreyttri menntun og kennsluáðferðum?

Tryggja þarf jöfn tækifæri allra til menntunar. Í grunnskólum landsins koma öll börn og unglingar á skólaskyldualdri saman, óháð ólíkum félagslegum og menningarlegum aðstæðum eða atgervi. Mikilvægt er að viðhalda fjölbreytileikanum innan hvers skólasamfélags og nýta öll tækifæri til að brjóta niður staðalmyndir og fordóma. Í ljósi þess er einnig áriðandi að jafnréttisfræðsla, fjölmenningsfræðsla og efling fræðsla um kynheilbrigði verði sjálfsgæður hluti af grunnenntun barna.

Allir nemendur eiga rétt á að læra móðurmál sitt. Það á líka við um börn sem eiga tákniál að móðurmáli og innflytjendur og börn þeirra sem þurfa bæði að njóta kennslu í móðurmáli sínu og íslensku.

Tryggja þarf nægilegan stuðning í skólum, þannig að mismunandi staða heimila eða mismunandi aðstaða í fjölskyldum stuðli ekki að mismunun meðal barna. Skólinn á að vera hornsteinn jafnaðar og réttlætis í samfélaginu. Aukið fjármagn þarf til að innleiða aðalnámskrá og koma þannig til móts við kröfur nemenda um aukna fræðslu um samfélagslegar áskoranir eins og loftslagsvá og líf og starf í tæknivæddu samfélagi. Þá þarf einnig að tryggja að kennarar og skólastjórnendur njóti faglegs frelsis til að móta áherslur að þörfum nemenda á hverjum stað. Að auki er áriðandi að nemendur fái, með lýðræðislegum hætti, tækifæri til að hafa áhrif á mótun skólastarfsins.

Börn og ungmenni sem ekki eiga íslensku að móðurmáli eiga að geta staðið jafnfætis jafnöldrum sínum í námi og þarf ráðuneyti menntamála í samvinnu við sveitarfélögin að stórauka þjónustu, stuðning og námsframboð fyrir þennan hóp og fjölskyldur þeirra. Börn með íslensku sem annað tungumál eiga að hafa aðgang að móðurmálakennslu sem og íslenskukennslu. Efla þarf ráðgjöf til kennara og fagfólks vegna slíkrar kennslu sem og kennaramenntun á sviði fjöltyngi og fjölmenningslegra kennsluhátta. Mikilvægt er að bjóða upp á stuðning við nám og efla til muna samskipti skóla og foreldra.

Þá verður að huga sérstaklega að aðgengi hópa sem sjaldan taka þátt í menningarlífinu, t.d. vegna uppruna, búsetu, fötlunar, efnahags eða annarra ástæðna. Sérstaklega þarf að tryggja aðgengi barna

að menningu og listum og um leið að efla möguleika þeirra á þátttöku í hvers kyns skapandi starfi og listnámi.

3. Hvernig ætlið þið að tryggja að þjónustan við börn verði ekki skorin niður í kjölfar Covid-19?

VG hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að efnahagskerfið vaxi út úr efnahagsþrengingum sem fylgt Covid-19. VG vill því halda áfram að bætaog eflavelferðarþjónustu hins opinbera og þar með er meðal annars lykilatriði að þjónusta við börn skerðist ekki. Það hefur verið forgangsmál til dæmis að halda skólum opnum þegar takmarkanir hafa verið á starfsemi innanlands.

4. Hvaða leiðir ætlið þið að fara til að stytta biðlista og greiningaferli eftir þjónustu t.d. fyrir fötluð börn og börn með geðrænan vanda?

Í velferðarstefnu VG kemur fram að batahugmyndafræðin skuli höfð að leiðarljósi í allri geðheilbrigðisþjónustu og að samfélagsgeðþjónustu þurfi að stórefla. Lögð er áhersla á að heilbrigðisþjónusta sé gjaldfrjál. Þar að auki skuli efla ráðgjöf félagsráðgjafa og sálfræðinga í skólum til að styðja við geðheilsu barna og ungmenna. Snemmtæk íhlutun komi í veg fyrir alvarlegri vanda síðar á lífsleiðinni. Þá segir í kosningaáherslum VG að halda þurfi áfram að byggja upp geðheilbrigðisþjónustu um land allt. Það þurfi jafnframt að byggja upp raunverulegar forvarnir í geðheilbrigðismálum og bregðast við kvíða ungs fólks með bættum úrræðum og samráði við unga fólk.

Á þessu kjörtímabili hafa verið stigin ýmis skref í rétta átt í þessum efnum. Komugjöld á heilsugæslu hafa verið lækkuð eða felld niður, sálfræðingum á heilsugæslum hefur verið fjölgað og nýlega ráðstafaði heilbrigðisráðherra meira en 100 milljónum króna í tiltekin þverfagleg átaksverkefni til að efla geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungt fólk. Meðal verkefnanna eru gagnreynd námskeið í félagsfærni hjá BUGL, fjölgun greiningarviðtala hjá BUGL fyrir börn með mögulega röskun á einhverfurófi samfara öðrum geðrænum vanda til að stytta bið eftir greiningu, auk markvissra aðgerða til að stytta bið eftir þjónustu þunglyndis-og kvíðateymis geðþjónustu Landspítala, þjónustu átröskunarteymisins og þjónustu áfallateymisins.

Verkefni næsta kjörtímabils er að halda áfram að draga úr kostnaðarþátttöku sjúklinga og efla geðheilbrigðisþjónustu um land allt. Hugsa þarf til lengri tíma og tryggja að nógu margir sækji sér menntun á þessu sviði svo að nægilega margt starfsfólk sé til staðar til að sinna þessari nauðsynlegu þjónustu. Mikilvægt er að halda áfram að efla heilsugæsluna um allt land og að hún geti í auknum mæli sinnt þessum málaflokki. Þá tekur VG undir að það sé lykilatriði að fræðsla fyrir kennara um geðheilsu, raskanir og fötlun sé aukin, bæði til að efla kennara og bæta umhverfi nemenda. Síðast en ekki síst skiptir öllu máli að stytta biðlista eftir greiningumog meðferð eftir ADHD-greiningum. Sú vinna er hafin í heilbrigðisráðuneytinu og mikilvægt er að hún haldi áfram á næsta kjörtímabili.

5. Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að framfylgja þeim kerfisbreytingum sem barnamálaráðherra hefur sett af stað og nýta þær?

Kerfisbreytingarnar sem félags-og barnamálaráðherra setti af stað og voru unnar í þverpólitísku samstarfi eru góðar og markviss innleiðing þeirra mikilvæg. Það skiptir miklu að fylgjast vel með innleiðingu þeirra og kanna jafnframt hvernig ferlið hefur gengið fyrir sig með tilliti til þjónustu við börn.

6. Hvernig getur Ísland verið í fremstu röð í þróunarsamvinnu?

Ísland getur verið í fremstu röð í þróunarsamvinnu með því að efla enn frekar það starf sem unnið er. Íslendingar eiga að stóruka framlag sitt til þróunarsamvinnu með jafnrétti að leiðarljósi og leggja fátækum þjóðum lið á alþjóðavettvangi. Sameinuðu þjóðirnar hvetja til þess að framlögin nemi 0,7% af vergum þjóðartekjum. Aðalmarkmið þróunarverkefna á vegum Íslendinga á að vera að fólki sé gert kleift að verða sjálfbjarga á eigin forsendum með loftslagsmál og sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

7. Hvaða leiðir teljið þið að þurfi að fara til að efla þátttöku barna í öllum ákvörðunum sem þau varða og til að koma í veg fyrir að börnum sé mismunað á grundvelli mismunandi menningarbakgrunns, fjárhagsstöðu foreldra og fleira?

Vísað er til svars við spurningum 1. og 2. Að auki leggjum við áherslu á að Mikilvægt er að börn hafi tækifæri til að láta rödd sína heyrast. Ein tilraun til slíks er Barnaþing Umboðsmanns barna. Barnaþing verður haldið í annað sinn nú í vetur. Niðurstöður umræðunnar eru kynntar ríkisstjórn semframlag þingsins til stefnumótunar í málefnum barna. Þannig hafa börn tækifæri á að koma skoðunum sínum á framfæri við fólkið sem stýrir landinu.

Að efla þátttöku barna í ákvarðanatöku er þó flókið ferli og tekur Vinstrihreyfingin grænt framboð undir að börnum skuli ekki mismunað á nokkurn hátt. Í þeirri vegferð er til dæmis mikilvægt að vinna gegn fátækt barna, tryggja að börn með ólíkan menningarbakgrunn hafi jafnan aðgang að menntakerfinu og að þau séu ekki jaðarsett. Öll börn eiga skilið að þeim sé mætt á sínum forsendum. Þingmenn VG hafa gegnum tíðina lagt fram ýmis þingmál sem lúta að því að lækka kosningaaldur úr 18 árum í 16 ár, með það markmiði að styðja við lýðræðisþátttöku ungs fólks og auka tækifæri þess til að hafa áhrif á samfélagið sem virkir og ábyrgir þátttakendur.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð veit að mikilvægt er að raddir allra hópa samfélagsins eigi sæti við borðið þegar mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Því vill hreyfingin að ungu fólki, kynslóðunum sem erfa munu samfélagið, sé ávallt veitt aðkoma að umræðum og ákvarðanatöku innan hreyfingarinnar. VG treystir ungu fólki.

8. Hvernig á/ætla flokkurinn að minnka áhrif loftslagsbreytinga og þannig tryggja velferð barna og framtíð þeirra?

Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að vísindaleg þekking sé undirstaða allra loftslagsaðgerða og að þær taki tillit til stöðu efnaminna fólks. Allar loftslagsaðgerðir þurfa að tryggja jöfnuð þannig að umskipti yfir í grænt hagkerfi verði réttlát. Ísland þarf að ganga enn lengra í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Lykilatriði hér eru breyttar ferðavenjur með meiri áherslu á almenningssamgöngur og hjólréiðar en ekki síður að flýta orkuskiptum í samgöngum, þungaflutningum, sjávarútvegi, landbúnaði og byggingariðnaði, þannig að við séum í allra síðasta lagi orðin óháð jarðefnaeldsneyti árið 2045. Hluti af því er að og flýta banni við nýskráningu bensín og dísilbifreiða til ársins 2025. Grænar fjárfestingar og stuðningur við nýsköpun og tæknilausnir skipar hér stóran sess.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill lögfesta sjálfstætt markmið um a.m.k. 60% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda á beinni ábyrgð Íslands árið 2030 m.v. 2005. Ísland á jafnframt að setja sér sjálfstætt markmið sem styður markmið aðildarríkja ESB um ríflega 60% samdrátt í evrópska viðskiptakerfinu (ETS) sem m.a. nær til stóriðju og flugsamgangna.

Lögbundnu kolefnishlutleysi þarf að ná eigi síðar en árið 2040. Vinna þarf heildstæða, sjálfbæra landnýtingarstefnu með aðkomu sérfræðinga og setja sérstakt markmið um samdrátt í losun

gróðurhúsalofttegunda sem rekja má til landnotkunar (LULUCF) eftir því sem þekkingu á losuninni fleygir fram.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill lögfesta bann við olíuleit í íslenskri lögsögu og allri olúvinnslu á Íslandi hið fyrsta.